

28.11.2014

144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 39 — 39. mál.

Undirritaðar fagna því að heildarskoðun eigi að fara fram varðandi uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Þar sem okkar styrkleikar felast ekki í gerð þingsáliktunartillaga og hvernig þær eru fram settar - höfum við ekki forsendur að fara beint í textann.

Það sem við tökum eftir við lesturinn eru orðin sem notuð virka gamaldags. Orðræðan speglast aðallega í kringum hjúkrun, hjúkrunarstofnanir, hjúkrunarrými etc. Orðræðan í dag tengist lífsgæðum, valdeflingu, samfélagsþátttöku og stjórn á eigin lífi.

Í dag höfum við fjöldann allan af fagfólki sem kann vel til verka og gæti verið betur nýtt. Breyttar áherslur eru að vinna meira með fólki á þeirra eigin forsendum og nýta þekkingu notenda og aðstandanda í framkvæmd og þróun þjónustunnar. Gott aðgengi þarf að vera að þverfaglegum hópi fólks, innan heilsugæslunnar og í heimaþjónustu.

Landslag og áherslur heilsugæslunnar og heimaþjónustunnar myndi starfbreytast ef fleiri stéttir yrðu ráðnar þar.

Nútímaheilsugæsla á að hafa innan sinna raða sálfræðinga, sjúikraliða, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og félagsráðgjafa með beinu aðgengi að virknimiðstöðum opnum fyrir öllum.

Endurskoða þarf umhverfisþætti sem tengjast heilbrigði og hugsa heilbrigðisþjónustuna út frá félagsvirkni og sálgæsluhugmyndum.

Baráttukveðjur

Hlutverkasetur

Sylviane Lecoultre og Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfarar.